

Reglur um úthlutun styrks tengdum nafni Jóhannesar Nordal sem Seðlabanki Íslands veitir.

1. gr.

Hlutverk og skipulag og markmið.

Tilgangur með styrknum er að styðja viðleitni einstaklinga sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Nefnd, hér eftir kölluð „nefndin“, úthlutar árlega í samræmi við reglur þessar menningarstyrk tengdum nafni Jóhannesar Nordal. Fjárhæð styrksins er á hverju ári ákveðin af Seðlabanka Íslands. Heimilt er að skipta styrkfjárhæðinni milli fleiri aðila.

Í nefndinni skulu vera þrjú menn skipaðir til fjögurra ára. Einn skal tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands, einn af mennta- og menningarmálaráðherra, og einn tilnefndur af fjölskyldu Jóhannesar Nordal. Nefndin kys formann.

Nefndin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf nefndarinnar endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og nefndarinnar.

2. gr.

Auglýsingar.

Nefndin auglýsir í desember ár hvert eftir umsóknum um styrki í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Í auglýsingu skulu m.a. koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir og hvar þau séu að finna. Þá skal tilgreindur umsóknarfrestur og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

3. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal skilað í 4 eintökum á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a) upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru,
- b) nafn þess sem annast samskipti við nefndina,
- c) lýsing á verkefni og markmiðum,
- d) tíma- og verkáætlun,
- e) fjárhagsáætlun, þar sem koma fram m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um.

4. gr.

Mat á umsóknum.

Nefndin metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- a) að verkefnið falli að markmiðum styrkveitingar um að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf,
- b) áhrifum fjárhæðarinnar á verkefnið,
- c) að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að,
- d) starfsferli umsækjanda og annarra þátttakenda,
- e) fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er nefndinni heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

5. gr.

Úthlutun.

Við úthlutun styrks skal hafa í huga:

Tillaga nefndarinnar skal vera skrifleg og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina.

Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Styrk er úthlutað í apríl og skal miðað við að athöfn fari fram sem næst þeim degi sem Seðlabankinn hóf starfsemi 7 apríl.

Seðlabanki Íslands auglýsir úthlutun.

6. gr.

Upplýsingagjöf.

Að verkefni loknu skal styrkþegi skila nefndinni stuttri greinargerð um árangur og niðurstöður.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra á heimasíðu Seðlabanka Íslands.

Reykjavík, 29. maí 2012.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.